



Ársskýrsla  
2004



Sýslumaðurinn á Ísafirði

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
I. Stefnumótun .....	4
II. Starfsmannastefna.....	5
III. Þekking – ferlar .....	6
IV. Þjónusta - skilvirkni .....	11
V. Fullnustugerðir .....	12
VI. Sifjamál .....	14
VII. Önnur verkefni sýsluskrifstofu .....	16
VIII. Leyfisveitingar .....	17
IX. Innheimta .....	18
X. Lögregla .....	19
1. Málafjöldi og tegund brota.....	19
2. Þjálfun - æfingar .....	23
3. Forvarnir .....	25
4. Fíkniefnamál .....	27
5. Rannsóknir/uppljóstrun mála .....	28
6. Útlendingar .....	29
7. Hornstrandir .....	31
XI. Tollur.....	32
XII. Almennatryggingar .....	34
XIII Rekstur.....	35
XIV. Samstarf.....	38
1. Þjónusta við innflytjendur.....	38
2. Samstarfsnefnd.....	38
3. Járnsíða .....	38
4. Samráðsfundur sýslumanna á Vestfjörðum og í Dölunum.....	38
5. Einkennisbúninganefnd.....	39
6. Starfsdagur slökkviliðs og lögreglu .....	39
Lokaorð .....	40

## Inngangur

Árið 2004 gekk ágætlega fyrir sig í starfsemi sýslumannsins á Ísafirði. Mikill tími fór í stefnumörkun ýmiss konar í kjölfar árangursstjórnunarsamnings við dómsmálaráðherra. Þá var haldin flugslysæfing á Ísafjarðarflugvelli á vormánuðum og gekk hún að óskum. Sérstök áhersla var lögð á bættu þjónustu embættisins. Þannig setti þekkingaröflun starfsmanna nokkurn svip á starfsárið, enda var hún hin mesta í sögu embættisins. Einnig má nefna lengdan opnunartíma og tungumálakennslu. Engin banaslys urðu í umferðinni í umdæminu á árinu og brotum fækkaði í flestum brotaflokkum. Rekstrarafkoma var góð og skilaði embættið rúmum 3 milljónum í hagnað, þrátt fyrir ófyrirséð útgjöld. Starfsmenn embættisins lögðu sig fram við að mæta nýjum kröfum árangursstjórnunar og er þeim þökkuð þolinmæði og jákvæðni á tímum breytinga. Loks má nefna að dómsmálaráðherra heimsótti embættið, ásamt fríðu föruneysi, í októbermánuði og var sú heimsókn afar ánægjuleg.

Í ársskýrslu þessari verður farið yfir helstu starfsemi stofnunarinnar á árinu og leitast við að tengja helstu viðburði í starfsemi embættisins þeirri stefnumörkun er fram fór og leggja mat á árangur af þessu fyrsta samningsári.

*Sigríður Guðjónsdóttir*  
Sýslumaður

## I. Stefnumótun

Sýslumaðurinn á Ísafirði og dómsmálaráðherra gerðu með sér *árangursstjórnunarsamning* í ársbyrjun 2004 og markaði sá samningur nokkuð starfsemina á árinu. Hlutverk stofnunarinnar er nánar skilgreint í árangursstjórnunarsamningi:

***Að gæta laga og réttar  
Að standa vörð um öryggi borgaranna  
Að þjónusta almennig á sem bestan og hagkvæmasta máta***

Tilgangur samningsins er að afmarka starfssvið og rekstur embættisins og framfylgja stefnu og áherslu dómsmálaráðuneytis, í samræmi við lög og reglur er um starfsemina gilda. Gildistími samningsins er 3 ár.

Stefnumótunarvinna sem hófst á árinu 2002 var sett í endanlegan búning og *stefnumótun* embættisins gefin út til þriggja ára, í maí 2004. Framtíðarsýn sýslumannsins á Ísafirði er tíunduð í upphafi stefnumótunar en hún er eftirfarandi:

***að stofnunin verði öflugri miðstöð opinberrar stjórnsýslu í héraði, með auknum verkefnum, er veiti sífellt betri og hagkvæmari þjónustu í samræmi vaxandi kröfur til stjórnsýslunnar***

***að lögreglan leggi megináherslu á forvarnir, þekkingarstjórnun og sveigjanlega löggæslu.***

Sérstakt markmið embættisins er að stofnunin uppfylli kröfur til ríkisstofnunar til fyrirmyndar árið 2005. Þá er fyrirhugað að innleiða stefnumiðað árangursmat í ársbyrjun 2007.

## II. Starfsmannastefna

Einnig var gerð *starfsmanna- og jafnréttisstefna* á árinu 2004, þar sem meðal annars var lögð áhersla á fjölskylduvænan vinnustað. Sú stefnumótun kom strax til framkvæmda, þar sem starfshlutfalli tveggja starfsmanna var breytt í kjölfar þess að þeir komu úr fæðingarorlofi og jafnframt reyndi á starfsaðstöðu lögreglukonu í tengslum við meðgöngu. Á árinu 2005 er fyrirhugað að gera jafnréttisáætlun fyrir embættið.

Loks var gerð *heilsustefna* fyrir embættið, að undangengnum viðræðum við Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar. Helstu atriði eru þau að embættið styrkir starfsmenn til íþróttaiðkunar, fær sjúkraþjálfara til að gera úttekt á vinnuaðstöðu árlega, greiðir læknisskoðun fyrir starfsmenn og loks er gert ráð fyrir að lögreglumenn geti þreytt þrekpróf árlega.

Unnið var að endurskoðun starfslýsinga fyrir alla starfsmenn embættisins og er áætlað að þær liggi fyrir um mitt ár 2005.

Starfsmannasamtöl voru tekin við starfsmenn stofnunarinnar, aðra en héraðslögreglumenn og þá er starfa við ræstingar.

Starfsmannafundir voru haldnir að jafnaði mánaðarlega á sýsluskrifstofu en reglulega með allri lögreglu. Yfirmannafundir lögreglu voru að jafnaði haldnir mánaðarlega.

### III. Þekking – ferlar

Embættið byggir á þekkingarstarfsmönnum og er markmiðið að viðhalda og efla þekkingu þeirra með aukinni fræðslu, sem jafnframt stuðlar að aukinni starfsánægju. Markmiðið er að vinna úrlausnir af sem mestum gæðum og þekkingu. Í þessu skyni hafa verið skipaðir fræðslufulltrúar lögreglu og starfsmanna sýsluskrifstofu. Víðtækt samstarf og námsdvöl starfsmanna hjá öðrum stofnunum stuðlar og að auknum gæðum og hefur verið lögð áhersla á það. Verður hér á eftir gerð stuttlega grein fyrir helstu fræðslu sem starfsmenn sýslumannsins á Ísafirði tóku þátt í á árinu 2004 og er þó ekki allt talið.

#### 1. Þekking

##### 1.1 Tungumálanámskeið

Í samræmi við þau markmið embættisins, að efla þjónustu við íbúana, var ákveðið að setja á stofn tungumálanámskeið fyrir starfsmenn embættisins. Markmiðið var að starfsfólk embættisins fengi lítils háttar innsýn í viðkomandi tungumál og lærði gagnleg orð og einstaka setningar til að auðvelda samskipti við fólk er talar viðkomandi tungur. Námskeið voru haldin í taílensku, pólsku og ensku og voru þau hönnuð í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og styrkt af starfsmenntunarsjóði SFR. Námskeiðin fóru fram á vinnutíma og var m.a. unnið að gerð orðalista sem birtir eru á veffanginu sýslumenn.is. Þá má ætla að orðalistana megi nýta sem framlag embættisins til samstarfsverkefnis um gagnvirka miðlun upplýsinga í fjölmennningarlegu samfélagi, sem áður hefur verið fjallað um hér að framan. Að lokum má nefna að fræðslumiðstöð Vestfjarða gerði sérstakt námskeiðsmat vegna tungumálanámskeiðsins og kom það afar vel út.



Úr kennslustund í taílensku, er fram fór í fundarsal embættisins. Í bakgrunn má sjá myndir af sýslumönnum fyrri tíma, áhugasömum á svip.

## 1.2 Stjórnun í Lögregluskólanum

Sýslumaður og yfirlögregluþjónn sátu stjórnunarnám í Lögregluskólanum veturinn 2003-2004 og var það afar ánægjulegt og vel heppnað í alla staði og skilaði sér án nokkurs vafa beint inn í starfið. Eiga skólastjóri lögregluskólans og starfsmenn skólans heiður skilið fyrir það metnaðarfulla starf sem þar er innt af hendi. Lögreglufulltrúi og einn varðstjóri hófu nám í öðrum hópi, námsárið 2004-2005 og hefur verið mörkuð sú stefna hjá sýslumanninum á Ísafirði að mennta yfirmenn embættisins eins og kostur er á þessum vettvangi.

## 1.3 TOPSPOC

Í kjölfarið stóð Lögregluskólinn fyrir því að lögreglustjóra var boðið að sitja svokallað TOPSPOC (top senior police officers course) á vegum CEPOL, á tímabilinu frá september 2004 til og með júní 2005. Námið samanstendur af 4 námslotum í Hollandi, Frakklandi, Bretlandi og Svíþjóð, auk töluverðrar heimavinnu. Yfirskrift námsins var hlutverk leiðtoga í lögreglu, með sérstakri áherslu á öryggi almennings og ímynd lögreglu, samskipti, samstarf og ábyrgð. Námið þetta hefur reynst afar áhugavert og myndað tengsl við yfirmenn lögreglu í fjölmörgum Evrópulöndum.

## 1.4 Skiptidvöl norrænna ríkisstarfsmanna

Einn fjögurra varðstjóra fékk styrk frá Norrænu ráðherranefndinni til þess að starfa á erlendri grundu. Dvaldi hann og starfaði í góðu yfirlæti í lögregluumdæminu í Glostrup í þrjá mánuði.



Lögreglustöðin í Glostrup

## 1.5 Fyrirlestur vegna flugslysaæfingar

Í lok apríl héldu Bjarni J Bogason, aðstoðaryfirlögregluþjónn RLS og Steinar Steinarsson, nefndarmaður í rannsóknarnefnd flugslysa, fyrirlestur fyrir lögreglumenn og aðra þátttakendur á fyrirhugaðri viðbragðsæfingu við flugslysi, sem haldin var síðan þann 8. maí 2004.

## 1.6 Vettvangsstjóranámskeið

Þrír varðstjórar, lögreglumaður og staðgengill sýslumanns sátu vettvangsstjóranámskeið í aprílmánuði og stóð það í viku. Að loknu námskeiði þessu öðluðust þátttakendur rétt til að vera vettvangsstjórar í björgunaraðgerðum.

## 1.7 Stefnumótun

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent í HÍ, varði einum degi með lögreglunni á Ísafirði í tengslum við stefnumótun. Kennslan var fólgin bæði í fyrirlestur og verkefnum og tókst mjög vel. Kvöldflug féll niður þennan dag og þar sem fyrirlesara hafði verið lofað að hann kæmist heim að kvöldi, var brugðið á það ráð að lögreglumaður ók honum til Reykjavíkur að kveldi. Kennslan fór fram að Sólbakka á Flateyri og hafði jákvæð áhrif á lögreglu, enda sérstök áhersla lögð á liðsheidina.



Á efri myndinni má sjá Gylfa Dalmann fræða lögregluliðið og á þeirri neðri má sjá hluta þátttakenda og hversu áhugasamir menn eru.



## 1.8 Nýtt tölvukerfi lögreglu

Í nóvember 2004 héldu starfsmenn tölvudeildar RLS, þeir Árni E Albertsson og Guðmundur Andrés Jónsson, námskeið fyrir lögreglumenn á Ísafirði, Bolungarvík og Patreksfirði, auk yfirstjórna embættanna á þessu svæði námskeið í notkun nýja tölvukerfis lögreglunnar (LÖKE). Námskeiðið var haldið í aðstöðu Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á Ísafirði.



## **1.9 Námsstefna FÍR**

Í október sátu HS og SB árlega námsstefnu Félags íslenskra rannsóknarlögreglumanna (FÍR) í Munaðarnesi. Á námsstefnunni var m.a. tekin fyrir málefni eins og rannsóknir umferðarslysa og árangursrík löggæsla. Fyrirlesarar voru bæði innlendir og erlendir.

### **1.10 Rannsóknir fjármunabrota - SIM**

Rannsóknarlögreglumaður sat námskeið RAF 1 (rannsóknir alvarlegra fjármunabrota) í LSR á haustmánuðum og SIM 3, endurmenntunarnámskeið í LSR.

### **1.11 Hundapjálfun**

Hundapjálfari fór á námsstefnu um hundamál á haustmánuðum og í kjölfarið í starfsdvöl í nokkra daga til hundapjálfara á Keflavíkurflugvelli.

### **1.12 Skotpjálfun**

Allir skipaðir lögreglumenn í lögreglunni á Ísafirði voru skotpjálfaðir á árinu 2004, en einn varðstjóranna var gerður að skotstjóra við embættið, að lokinni þjálfun og námskeiði í LSR. Telja verður mikilvægt að allir lögreglumenn hafi hlotið skotpjálfun, þar sem erfiðar samgöngur geta orðið þess valdandi að sérsveitir lögreglu komist ekki í tæka tíð á vettvang. Því er brýnt að þjálfun og tæki séu til staðar, til að tryggja öryggi fólks í samfélaginu.

### **1.13 Sáttamiðlun**

Sýslumaður tók þátt í norrænni ráðstefnu um sáttamiðlun í Skövde í septembermánuði. Þátttakendur voru um 250, flestir frá Norðurlöndunum. Sáttamiðlun í sakamálum er athyglisverður kostur og unnt að læra margt af reynslu annarra þjóða í þeim efnum. Á ráðstefnunna mættu fulltrúar dómsmálaráðuneytis, lögreglu, félagsþjónustu og lögmánastéttarinnar og voru þátttakendur á einu máli um að að sáttamiðlun í sakamálum gæti verið valkostur við framfylgd laga og réttar hérlandis.

### **1.14 Tollur**

Tollvörður sótti nokkur námskeið á árinu 2004. Í maí sótti hann námskeið um hafnar- og farmvernd, ásamt yfirlögregluþjóni og lögreglumanni frá embættinu. Í september námskeið á vegum tollstjóra sem nefndist “port security training” á vegum bandarísku tollgæslunnar. Einnig boðaði tollstjórinn í Reykjavík til tveggja daga upplýsinga- og samráðsfundar með tollvörðum í nóvember 2004, þar sem m.a. var fjallað um flug- og farmvernd og innflutningsleyfi og bönn. Þá var starfsemi tollstjóranna í Keflavík, á Seyðisfirði og á Keflavíkurflugvelli kynnt á fundinum.

### **1.15 Fjölmiðlanámskeið**

Í október sótti sýslumaður fjölmiðlanámskeið sem sýslumannafélag Íslands stóð fyrir. Á námskeiðinu var fjallað um mismunandi þarfir fjölmiðla, rétta samskiptatækni og loks var farið í verklega æfingu. Þessi þáttur hefur verið vanræktur af mörgum forstöðumönnum, þó ekki öllum og var þetta frumkvæði sýslumannafélagsins lofsvert.

### **1.16 Oracle-bókhaldskerfið**

Skrifstofustjóri og yfirlögregluþjónn sóttu námskeið í nýja bókhaldskerfinu á haustmánuðum 2004.

## **2. Ferlar**

Í stefnumótun kom fram sú áætlun að ferlar vegna starfsemi sýsluskrifstofu yrðu aðgengilegir í maí 2005 og var töluverð vinna innt af hendi við gerð ferla á árinu 2004. Þannig eru nú til ferlar í ýmsum tegundum sífjamála, í tengslum við almannatryggingar, nauðungarsölur, aðfarargerðir og vararefsingu.

#### IV. Þjónusta - skilvirkni

Að leggja áherslu á að veita þeim aðilum er til embættisins leita góða þjónustu. Góð þjónusta er eitt af grundvallarmarkmiðum stofnunarinnar. Ýmsir þættir stuðla að góðri þjónustu, s.s. fræðsla og aukinn hreyfanleiki. Ákvarðanir embættisins voru í einhverjum tilvikum kærðar, svo sem í sífjamálum og fengu efnisúrlausn hjá viðeigandi stjórnvaldi, en eiginlegar kvartanir yfir þjónustu bárust ekki. Opnunartími stofnunarinnar var endurskoðaður á árinu og símavarslan jafnframt.

##### 1. Opnunartími – símavarsla

Opnunartími embættisins var lengdur um klukkustund á dag, í árslok 2004, og er nú opið frá kl. 9.30 til 15.30. Þá er tekið á móti viðskiptamönnum utan opnunartíma, sé þess nokkur kostur. Þá var símavarsla tekin til sérstakrar skoðunar á árinu á þann veg að fleiri starfsmenn koma nú að símavörslu. Áhersla hefur verið lögð á sveigjanleika í afgreiðslu, með þeim hætti að minnka sérhæfingu og breikka starfssvið starfsmanna. Gera þarf breytingar á afgreiðslusal á næstu árum, meðal annars til þess að bæta biðsvæði.

##### 2. Skilvirkni

Í stefnumótun embættisins kemur m.a. fram, að bæta þurfi skjalastjórnun innan embættisins og að þörf sé á nýjum hugbúnaði vegna þessa. Þetta markmið náðist ekki á árinu 2004, en von er á úrbótum á árinu 2005, í tengslum við sérstakar áherslur tölvumiðstöðvar dómsmálaráðuneytisins. Á hinn bóginn voru lögð drög að verulegum umbótum er lúta að skilvirkni í tengslum við fyrirhugað samstarf lögreglunnar á Ísafirði við Fjarfskiptamiðstöð lögreglu. Dómsmálaráðherra veitti styrk til tækjakaupa til þess að unnt væri að nýta nýja tækni og gera varðstjóra kleift að fara á vettvang þegar þörf er á þannig að fjarfskiptamiðstöðin vakti lögreglustöð á meðan. Ráðherrann tilkynnti um styrkveitinguna í heimsókn sinni í embættið og opnar hún marga nýja möguleika við löggæslu í umdæminu.



Yfirlögregluþjónn tekur á móti jólagetraunaseðlum ungra barna í umdæminu.

## V. Fullnustugerðir

Fullnustugerðum fækkaði heldur á árinu 2004, í samanburði við fyrra ár. Í töflunum hér á eftir má sjá fjölda fullnustgerða. Þá er ekki að sjá markverða breytingu á þinglýsingum, að öðru leyti en því að umtalsverð fjölgun varð á aflýstum skjölum.

### 1. Aðfarargerðir

#### Fjárnám

Skýringar:	2002	2003	2004
Nýjar beiðnir	594	622	587
Beiðnir alls til meðferðar	727	815	755
Beiðnum alls lokið	536	647	529
Beiðnum ólokið	193	168	226

### 2. Nauðungarsölur

#### Fasteignir og skip

Skýringar:	2002	2003	2004
Nýjar beiðnir	145	151	122
Alls til meðferðar	180	180	148
Seldar eignir	28	35	30
Lokin mál	120	100	132
Ólokin mál	29	26	7


#### Lausafé

Skýringar:	2002	2003	2004
Nýjar beiðnir	8	14	7
Alls til meðferðar	12	18	11
Seldar eignir	0	0	3
Lokin mál	8	11	5
Ólokin mál	4	4	2

### 3. Þinglýsingar

#### Þinglýsingar

Skýringar:	2002	2003	2004
Þinglýst fasteignaskjöl	1304	1622	1697
Þinglýst bifreiðaskjöl	201	231	249
Önnur skjöl	29	38	65
Bátar og skip	245	339	426
Aflýst skjöl	1018	820	1140



### Landskrá fasteigna

Skráning í Landskrá fasteigna gekk nokkuð vel á árinu 2004, en þó er einungis búið að skrá 66,5% eigna. Skýringin er fyrst og fremst sú að um misræmi er að ræða á milli skráningar hjá Fasteignum ríkissjóðs, í þinglýsingabókum og hjá tæknideildum sveitarfélaganna í umdæminu. Leiðréttingar ganga hægt fyrir sig og skráning þar af leiðandi einnig.

## VI. Sífjamál

Nokkur fjölgun varð á skilnaðarmálum í umdæminu á árinu 2004, en sambúðarslitum fækkaði. Faðernis- og meðlagsmálum fjölgaði verulega, einnig forsjár- og meðlagsmálum, sem og málum vegna menntunarframlags. Sífjamál krefjast tíma og vandvirkni, enda miklir hagsmunir í húfi og mál oft vandmeðfarin. Eftirfarandi töflur sýna samanburð á milli ára.

### Skilnaðarmál

Skýringar	2002	2003	2004
Ný mál	21	16	21
Alls til meðferðar	23	18	24
Afgreidd mál alls	12	15	23
Óafgreidd mál um áramót	2	3	1

### Sambúðarslit

Skýringar	2002	2003	2004
Ný mál	10	17	8
Alls til meðferðar	11	18	12
Afgreidd mál alls	12	14	12
Óafgreidd mál um áramót	1	4	0

### Faðernis og meðlagsmál

Skýringar	2002	2003	2004
Ný mál	12	10	18
Alls til meðferðar	13	10	18
Afgreidd mál alls	10	10	18
Óafgreidd mál um áramót	0	0	0

### Almenn meðlagsmál

Skýringar	2002	2003	2004
Ný mál	10	6	16
Alls til meðferðar	3	8	18
Afgreidd mál alls	8	6	13
Óafgreidd mál um áramót	2	2	5

### Forsjár og meðlagsmál

Skýringar	2002	2003	2004
Ný mál	6	8	13
Alls til meðferðar	6	10	18
Afgreidd mál alls	7	9	17
Óafgreidd mál um áramót	2	1	1

**Umhengnismál**

<b>Skýringar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>
Ný mál	6	9	12
Alls til meðferðar	7	9	17
Afgreidd mál alls	3	4	11
Óafgreidd mál um áramót	0	5	6

**Mál skv. 62. gr. barnalaga ( menntunarframlag )**

<b>Skýringar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>
Ný mál	6	4	7
Alls til meðferðar	7	4	7
Afgreidd mál alls	4	4	5
Óafgreidd mál um áramót	0	0	2

**Mál skv. 60. gr. barnalaga ( framlag vegna ferminga og flr.)**

<b>Skýringar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>
Ný mál	10	9	5
Alls til meðferðar	10	9	7
Afgreidd mál alls	6	7	7
Óafgreidd mál um áramót	0	2	0

## VII. Önnur verkefni sýsluskrifstofu

Samanburður á milli ára á fjölda dánarbúa og stöðu þeirra er ekki samanburðarhæfur, þar sem ósamræmi hafði verið í skráningu fyrri ára og var ráðist í lagfæringar á því. Fjöldi hjónavígsla stendur í stað á milli ára.

### Dánarbú

Skýringar	2002	2003	2004
Ný mál	31	21	28
Alls til meðferðar	47	35	45
Skiptalok	24	16	28
Leyfi til setu í óskiptu búi	9	3	7
Skiptum ólokið um áramót	14	16	10

### Hjónavígslur

Skýringar	2002	2003	2004
Hjónavígslur samtals	3	3	3

### Lögbókandagerðir

Skýringar	2002	2003	2004
Erfðarskrá	5	2	5
Kaupmálar	0	4	4
Önnur skjöl og gerðir	35	31	20
Skráðir kaupmálar	0	0	



## VIII. Leyfisveitingar

### Ökuskírteini

Skýringar	2002	2003	2004
Umsóknir um ökuskírteini	419	409	435
Æfingarakturs- og leiðbeinendaleyfi	316	165	99

### Vegabréf

Skýringar	2002	2003	2004
Vegabréf	275	346	477

### Leyfi fyrir sölu skotelda

Skýringar	2002	2003	2004
Leyfi fyrir sölu skotelda	5	5	5
Leyfi fyrir skoteldasýningum	8	7	7
Brennuleyfi	18	10	15

### Skotvopnaleyfi

Skýringar	2002	2003	2004
Aukin skotvopnar.- flokkur B	13	12	14
Aukin skotvopnar.- flokkur D	0	0	0
Endurnýjun skotvopnaleyfis	27	12	22
Heimild til að eignast skotvopn	64	56	59
Skotvopnanámsk.- flokkur A	22	13	7
<b>Samtals:</b>	<b>126</b>	<b>93</b>	<b>102</b>

### Ýmis önnur leyfi

Skýringar	2002	2003	2004
Útgefin meistarabréf	0	3	4
Útgefin sprengileyfi	1	3	2
Veitinga- og gististaðir	8	9	20
Einkasalir og félagsheimili	3	7	5
Önnur leyfi	19	25	20
Skemmtanaleyfi / tímabundin	83	87	
Skemmtanaleyfi / heilsárs	5	7	
Eiturefnaleyfi	5	1	1

## IX. Innheimta

Markmið embættisins er að innheimta opinberra gjalda verði sem skilvirkust. Innheimtudeild hefur sett sér þau markmið annars vegar að bæta innheimtuárangur, en hins vegar að bæta þjónustu við viðskiptamenn embættisins. Í þessu skyni hefur starfsmönnum verið fjölgað á innheimtusviði, áhersla verið lögð á fræðslu starfsmanna vegna breytinga á innheimtu- og bókhaldskerfum og hafa verið teknir upp mánaðarlegir stöðufundir. Tollstjórinn í Reykjavík hefur með höndum eftirlit með innheimtuárangri sýslumanna og gerir skýrslur með nákvæmum mælingum á innheimtuárangri í hverjum gjaldaflokki.

Eins og sjá má af neðangreindri töflu, versnaði innheimtuárangur embættisins nokkuð á milli árunna 2003 og 2004, bæði í staðgreiðslu og opinberum gjöldum. Innheimta virðisaukaskatts stendur nokkuð í stað. Skýringa er ekki að leita í aðgerðarleysi starfsmanna, heldur er fyrst og fremst um það að ræða, að skuldir ríflega tugs fyrirtækja og einskaklinga standa enn inni, þrátt fyrir að viðkomandi aðilar hafi verið teknir til gjaldþrotaskipta fyrir mörgum árum. Skuldir fást ekki afskrifaðar fyrir en skiptalok hafa farið fram og eru með í útreikningum á innheimtuárangri embættanna. Við stefnumótun voru þær leiðir ákveðnar, að starfsmönnum á innheimtusviði yrði fjölgað, að fræðsla yrði aukin og stöðufundir haldnir. Allar þessar leiðir hafa verið farnar. Vonandi verður árangurinn betri í árslok 2005.

### Innheimtuárangur Staða miðað 1.1.2005

Skýringar:	2002	2003	2004
Staðgreiðsla	99,80%	99,67%	96,90%
Virðisaukaskattur	97,93%	97,28%	97,38%
Opinber gjöld	90,61%	83,40%	71,60%

## X. Lögregla

Á árinu 2004 voru 170 hegningarlagabrot skráð á Ísafirði sem er svipaður fjöldi og árið á undan en nokkur fækkun miðað við árið 2002. Eignaspjöll hafa verið einna algengustu hegningarlagabrotin á svæðinu en einnig þjófnaðir og líkamsárásir.

### 1. Málafjöldi og tegund brota

#### 1.1 Tegund brota og fjöldi

		2001	2002	2003	2004
1506	Líkamsárás, (217)	23	17	20	18
1507	Líkamsárás, líkamsmeiðingar minni (218.1)	3	3	0	2
1508	Líkamsárás, líkamsmeiðingar meiri (218.2)	2	1	0	0
1801	Innbrot	7	6	3	2
1851	Þjófnaður (244)	24	39	31	27
2101	Eignaspjöll (minni 257.1)	56	29	32	35
2102	Eignaspjöll (meiri 257.2)	0	1	2	1
2103	Nytjastuldur (259.1)	3	3	0	3
3851	Fíkniefni - dreifing, sala	4	3	9	6
3853	Fíkniefni - varsla, neysla	16	23	13	8
3879	Ýmis fíkniefnabrot	1	3	2	4
3854	Fíkniefni - framleiðsla				1
7016	Einstefna, ekið gegn einstefnu eða innakstursbann	2	10	1	3
7046	Afstunga (10. gr.)	9	14	7	19
7157	Stöðvunarskylda ekki virt (25. gr.)	0	0	0	1
7174	Rangstaða (27. gr.)	34	21	19	3
7303	Of hraður akstur	319	291	275	171
7410	Ölvun við akstur (45. gr.)	33	19	19	24
7426	Sviptur ökurétti (48. gr.)	6	6	3	0
7428	Án ökuskírteinis(48. gr.)	9	30	26	10
7497	Aðalskoðun (67. gr.)	104	97	104	115
7498	Endurskoðun (67. gr.)	29	38	36	51
7551	Án öryggisb. (71. gr.)	2	13	23	15
7552	Öryggisbelti/bílbelti ekki notað af farþega (71. gr)	0	1	3	3
7608	Of margir farþegar (73. gr.)	1	1	3	1
7831	Tryggingar (88.-94. gr.)	49	45	60	9
7991	Umferðaróhapp, eignatjón	49	59	71	80
8204	Slys - mannlát	1	2	1	2
8205	Slys - líkamstjón	16	20	20	16
9805	Ekið á búfé	6	4	8	2

Eins og sjá má af töflunni hér að framan, fækkaði málum nokkuð á milli árunna 2003 og 2004. Ýmsar skýringar er að finna á þeirri fækkun, meðal annars þær að lögreglan var nokkuð undirmönnuð á árinu 2004 og miklum mannafla var varið í nám og fræðslu. Einnig er skýringa að leita í því að helsta fækkunin er á umferðarlagabrotum, en tekin var ákvörðun hjá stjórnendum embættisins að leggja ekki ofurþunga á þann þátt, enda þótti umferðarhraði nokkuð ásættanlegur í umdæminu skv. vísbendingum frá mælingum sem gerðar voru af lögreglunni á Ísafirði sem og umferðardeild RLS. Þá leiddi breyting á meðferð mála tengdum tryggingum ökutækja til þess að málum fækkaði um 51 á milli ára.

### 1.2 Sektorboð árunna 2001 til 2004

Sektorboð	2001	2002	2003	2004
Útsend sektarboð:	541	589	683	377
Greidd sektarboð:	433	455	500	268
Dómsáritun:	46	75	94	31
Ákæra-dómur:	1	0	4	3
Ógr. f/ afsláttardag:	8	0	5	1
Í ítrekun:	10	13	6	37
Ógr. e/afsláttardag:	43	46	74	37

Eins og sjá má, fækkað sektarboðum verulega á milli ára, sem skýrist af umfjöllun hér að framan um fækkun umferðarlagabrota.

Sérrefsilagabrotum fækkaði einnig á Ísafirði á árinu 2004. Athygli vekur hversu hátt hlutfall sérrefsilagabrota er vegna brota tengdum áfengislögum og fíkniefnalögum.

### 1.3. Algengustu sérrefsilagabrot á Ísafirði samkvæmt málaskrá 2001 til 2004<sup>1</sup>

	2001	2002	2003	2004
Vernd barna og ungmenna, lög þar um	36	22	47	34
Áfengislög, ölvun á almannaferi (21 gr)	22	24	25	22
Áfengislög, ýmislegt	21	15	42	18
Fíkniefni, varsla, neysla	19	27	20	15
Fíkniefni, dreifing, sala	4	4	10	6
Fíkniefni, framleiðsla				1
Fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt (19 gr lnr 90/1996)	0	0	5	5
Fíkniefni, ýmis fíkniefnabrot	1	4	3	5
Lögreglusamþykkt, lög um lögreglusamþykktir	0	4	7	5
Lögskráning, lög um lögskráningu sjómanna	0	0	5	5
Brot á reglum um réttindi til að stjórna vinnuvélum (198/198)	0	0	0	5
Tollalög, ýmis tollalagabrot	0	0	0	3
Vopnalög (nr 16/1998)	3	5	7	3
Tollalög, ólöglegur innfl áfengis	0	0	0	2

<sup>1</sup> Upplýsingar frá Rannveigu Þórisdóttur hjá RLS

Atvinnustarfssemi, lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á	1	0	0	2
Fíkniefni, framleiðsla	0	0	0	2
Brot á lögreglulögum (90/1996)	1	1	1	2
Mengun, lög um varnir gegn mengun sjávar	0	1	0	2
Áfengislög, ólöglegur tilbúningur áfengis (Bruggun)	0	3	0	2
Áfengislög, áfengi veitt til yngri en 20 ára	6	0	1	2
<b>Samtals sérrefsilagabrot</b>	<b>145</b>	<b>145</b>	<b>226</b>	<b>151</b>
Tölur fyrir árið 2004 eru bráðabirgðatölur				

#### 1.4 Dagbók og málaskrá árunna 2001-2004

Dagbók og málaskrá	2001	2002	2003	2004
Dagbókarfærslur	4880	5024	6550	5770
Málafjöldi	1136	1137	1172	874



#### 1.5 Fangahúsið

Ár:	Karlar:	Konur:	Samtals:
2001	78	13	91
2002	93	9	102
2003	71	12	83
2004	66	14	80

Gisting í fangaklefum lögreglunnar á Ísafirði var með sama móti og fyrra ár, en fækkun frá árið 2002.



Dómsmálaráðherra, aðstoðarmaður hans og ráðuneytisstjóri sjást hér skoða fangaklefa á lögreglustöðinni á Ísafirði, undir leiðsögn yfirlögregluþjóns.

#### 1.6. Eknir kílómetrar

Skýringar	2002	2003	2004
Kílómetrar	141.316	137.789	121.692

Eknunum kílómetrum fækkað um 16 þúsund kílómetra á milli ára.. Skýringin er sú, að umferðareftirlit var skert tímabundið þar sem stjórnendur tóku ákvörðun um að forgangsraða umferðarlagabrotum í þéttbýli með öðrum hætti en fyrri ár, vegna skorts á menntuðum lögreglumönnum til starfa í liðinu.



## 2. Þjálfun - æfingar

Eitt af meginverkefnum lögreglu er að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu. Lögreglan stendur frammi fyrir nýjum vinnubrögðum og viðhorfum og hefur þjálfun og fræðsla lögreglunnar verið einn af áhersluþáttum embættisins, eins og sjá má af kaflanum um þjálfun og fræðslu hér að framan. Í lögreglunni á Ísafirði þarf viðbúnaður að vera töluvert meiri en dagleg þörf segir til um, sökum landfræðilegrar legu og samgangna. Allir skólagengnir menn í liðinu hafa verið skotþjálfaðir og hafa gild réttindi til meðferðar skotvopna. Æfingar eru mikilvægar í þessu sambandi og voru haldnar nokkrar slíkar á árinu. Fyrst má nefna flugslysaæfingu á Ísafjarðarflugvelli, sem haldin var í maí 2004. Einnig var haldin æfing varðandi bankarán. Loks má nefna að haldnar eru íþróttæfingar á tveggja vikna fresti á vetrarmánuðum, þar sem æfð eru lögreglutök og ýmsar sérhæfðar aðgerðir.

### 2.1 Bankarán - viðbrögð

Í mars 2004 tók lögreglan á Ísafirði þátt í æfingu er laut að viðbrögðum við bankaráni. Um var að ræða tvær æfingar, annars vegar í útibúi Landsbankans og hins vegar í útibúi Íslandsbanka á Ísafirði. Flestir starfsmenn bankana og Sparisjóðs Vestfirðinga tóku þátt í æfingunni og flestir lögreglumenn á Ísafirði. Frá öryggisdeild Íslandsbanka kom Sverrir Jónsson og með honum var lögreglumaður í Reykjavík.

### 2.2 Flugslysaæfing

Flugslysaæfing var haldin á Ísafjarðarflugvelli þann 6.-9. maí 2004. Í æfingunni var sett á svið að Fokker flugvél með um 50 manns innanborðs hefði brotlent á Ísafjarðarflugvelli. Í sviðsetningunni lágu tugir farþega auk áhafnar stórslasaðir á vellinum og í nágrenni hans. Um þrjúhundruð manns voru kallaðir út til björgunarstarfa vegna þessa sviðsetta flugslyss auk um 70 manns sem tóku að sér að leika slasað fólk. Að auki var miðstöð

almannavarna í Reykjavík mönnuð og þyrla Landhelgisgæslunnar kom vestur til aðstoðar. Björgunarskipið Gunnar Friðriksson tók einnig þátt í æfingunni sem þótti takast vel.

Æfingin tókst í heild sinni vel þar sem öllum var bjargað og talning og afdrif fórnarlamba gekk upp. SÁBF-kerfið gekk vel og reynsla og þekking starfseininga á því kerfi tók stakkaskiptum við æfinguna að mati aðgerðastjóra. Samhæfing og samvinna gekk á heildina litið mjög vel. Fyllsta öryggis var gætt, allir þátttakendur stóðu sig vel og enginn verkþáttur brást. Björgun gekk hratt og vel og tókst að koma öllum fórnarlömbum á réttan stað. Tímasetningar stóðust. Boðun gekk mjög vel. Upplýsingaflæði frá vettvangsstjóra til aðgerðastjórnar var hins vegar slæmt, skráningu aðhlyningarstjóra var ábótavant og mannskapur var ekki rétt staðsettur, þar sem sárlega vantaði björgunarsveitarmenn á vettvang á flugvelli. Þá var of mikið álag á einstakar rásir við fjarskipti.

### **Undirbúningur - flugslysaþópurinn**

Undirbúningur var mjög góður. Sýslumaður og slökkviliðsstjóri höfðu lengi óskað eftir því að vettvangsstjóranámskeið yrði haldið á Ísafirði, þar sem sú menntun var á lágmarki á svæðinu og marga þurfti að þjálfa, með ærnum tilkostnaði. Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans brást vel við þessari beiðni og stóð fyrir vettvangsstjóranámskeiði á Ísafirði í apríl-mánuði 2004. Með þessu móti var unnt að þjálfa fimm menn frá sýslumannsembættinu sem vettvangsstjóra, auk fjölda annarra viðbragðsaðila sem gafst kostur á að njóta þessarar menntunar. Vettvangsstjóranámskeiðið var í raun undirbúningur undir flugslysaæfinguna og jók gæði æfingarinnar til muna, enda þótt ávinningurinn sé fyrst og fremst fólgin í auknu öryggi íbúa á svæðinu þar sem þálfunin nýtist til hvers konar björgunaraðgerða.

Sá þáttur æfingar er laut að björgun að sjó reyndist hins vegar of umfangsmikill. Einnig kom í ljós að þrátt fyrir töluverða yfirlegu yfir fjarskiptamálum, reyndist vera of mikið álag á einstökum rásum í fjarskiptabúnaði. Þá var slæmt að reyna ekki Tetra-kerfið þrátt fyrir að einungis lögregla og slökkvilið séu með slíkan búnað á þessu stigi.





Hér má sjá myndir frá flugslysaæfingunni. Einnig má vísa í vef bæjarins besta, <http://www.bb.is/?PageID=141&NewsID=39351>, þar sem er að finna fjölda mynda frá æfingunni.



### **3. Forvarnir**

Samkvæmt stefnumótun embættisins leggur lögreglan sérstaka áherslu á forvarnir. Verður fjallað hér á eftir um starfsemi lögreglunnar á árinu 2004, er tengist þessum þessu mikilvæga verkefni.

#### **3.1 Forvarnir í umferðarmálum**


Að frumkvæði eins varðstjórans, var formi á umferðarskólanum breytt á þann veg að umferðarfræðsla við leikskólabörn í umdæminu var aukin verulega, þannig að lögreglumaður er heila vinnuviku með börnin. Í kjölfarið var gerð könnun hjá leikskólum í sveitarfélaginu og voru niðurstöður hennar afar góðar og mikil ánægja ríkti meðal leikskólakennara með þetta framtak.

#### **3.2 Fíkniefnamál – forvarnir**

Forvarnir hafa verið mjög ofarlega í forgangi lögreglunnar á Ísafirði undanfarin ár og verður haldið áfram á sömu braut og starfið aukið. Lögreglufulltrúi er verkefnisstjóri VáVest-hópsins, sem er samstarfsverkefni nokkurra aðila á svæðinu. Í maí 2004 var Vá Vesthópnum veitt foreldraverðlaun landssamtakanna Heimili og skóli. Er það sérstaklega ánægjulegt vegna þess að tveir starfsmenn embættisins eiga sæti í hópnum.

Árlega keyptar kannanir frá Rannsóknnum og greiningu hf. á fíkniefnaneyslu grunnskólabarna á svæðinu og eru þær góður mælikvarði á árangur forvarnarstarfs. Eins og sjá má er könnunin afar hagstæð þessu svæði vegna ársins 2004.

**Tafla 1**



Niðurstöður úr könnun Rannsókna og greiningar ehf um vímuefnanotkun unglunga árið 2004.

Taflan hér að neðan hefur að geyma svör nemenda í 10. bekk í Grunnskólanum á Ísafirði, í Grunnskóla Bolungarvíkur, í Grunnskóla Önundarfjarðar á Flateyri, í Grunnskólanum á Þingeyri, og í Súðarvíkurskóla - alls 83 svarendur.

**Tafla 2.** Drekkur þú áfengi á eftirtöldum stöðum?

	Drekk ekki áfengi	aldrei/sjaldan	stundum/oft	Samtals
-heima hjá þér	59,0%	38,6%	2,4%	100,0%
-heima hjá öðrum	60,2%	22,9%	16,9%	100,0%
-í bænum	59,0%	24,1%	16,9%	100,0%
-annars staðar útávið	59,0%	22,9%	18,1%	100,0%
-á skemmtistað eða pöbb	60,2%	27,7%	12,0%	100,0%
-á grunnskólaballi	59,8%	39,0%	1,2%	100,0%
-á framhaldsskólaballi	59,3%	28,4%	12,3%	100,0%
-í félagsmiðstöð	62,2%	37,8%	0,0%	100,0%
-annars staðar	57,8%	21,7%	20,5%	100,0%

Ljóst er að flestir þeirra nemenda í 10. bekk sem neyta áfengis stundum eða oft, gera það heima hjá öðrum (væntanlega þegar foreldrarnir eru ekki heima), í bænum, eða annars staðar úti við þar sem krakkar og unglingar koma saman.

#### **4. Fíkniefnamál**

##### **Samningur um fíkniefnahund**

Í árslok 2004 var gerður samningur um fíkniefnalögregluhund við embættið. Samningurinn hefur að geyma nokkur nýmæli, sem fyrst og fremst eru fólgin í því að hundinum er ætlað að þjóna bæði lögreglu og tolli við embættið. Þá fær hundþjálfari til ráðstöfunar 20 vinnustundir per mánuð, til þess að sinna fíkniefnaeftirliti með hundi. Tímunum skal ráðstafað í eftirlitsferðir og leit, þ.á.m. á flutningsleiðum sem og í tengslum við tolleftirlit. Hundþjálfari ábyrgist að vinnu við ofangreint verði hagað með þeim hætti að ekki stangist á við ákvæði um hvíldartíma lögreglumanna.

##### **Tölulegar upplýsingar um haldlögð fíkniefni**

Forvarnir duga því miður ekki alltaf til og hér að neðan er að finna upplýsingar um haldlögð efni v. fíkniefnamála og samanburð á milli árána 2001 til og með 2004.

**Ár 2001**

Tegund	Námar	Haldl.	Gr.	Stk.
Kannabis	Hass	8	43,64	
Kannabis	Maríhúana	2	1,38	
Kannabis	Blandað	4	1,41	
Kannabis	Fræ	1		72
Ofskynjun	Sveppir			
Örvandi	E-pillur			
Örvandi	Kókain			
Örvandi	Amfetamín	2	0,64	
Ripp fuel	Töflur			
Óþekkt	Óskilgreint	2	78,53	11
<b>Samtals:</b>		19	125,60	83

**Ár 2002**

Tegund	Námar	Haldl.	Gr.	Stk.
Kannabis	Hass	8	21,99	
Kannabis	Maríhúana	3	6,83	
Kannabis	Blandað	6	3,61	
Kannabis	Fræ			
Ofskynjun	Sveppir	3	31,85	
Örvandi	E-pillur	1		20
Örvandi	Kókain	1	0,32	
Örvandi	Amfetamín	6	15,43	
Ripp fuel	Töflur			
Óþekkt	Óskilgreint	6	11,30	122
<b>Samtals:</b>		34	91,33	142

**Ár 2003**

Tegund	Námar	Haldl.	Gr.	Stk.
Kannabis	Hass	9	339,33	
Kannabis	Maríhúana	1	0,38	
Kannabis	Blandað	7	2,38	
Kannabis	Fræ			
Ofskynjun	Sveppir			
Örvandi	E-pillur			
Örvandi	Kókain			
Örvandi	Amfetamín	1	2,25	
Ripp fuel	Töflur	1		1
Óþekkt	Óskilgreint	2	32,42	
<b>Samtals:</b>		21	376,76	1

**Ár 2004**

Tegund	Námar	Haldl.	Gr.	Stk.
Kannabis	Hass	5	114,91	
Kannabis	Maríhúana	1	0,09	
Kannabis	Blandað			
Kannabis	Plöntur	6	2,90	2
Ofskynjun	Sveppir	1		1
Örvandi	E-pillur			
Örvandi	Kókain			
Örvandi	Amfetamín	2	3,01	
Ripp fuel/	efedrinTöflur	1		47
Óþekkt	Óskilgreint	1	2,49	
<b>Samtals:</b>		19	123,40	51

**5. Rannsóknir/uppljóstrun mála**

Markmið embættisins er að vinna hratt og örugglega að uppljóstrun mála og auka í því sambandi þátt almennrar lögreglu við rannsókn minniháttar brota, sem stuðlar að hraðari málsmeðferð og aukinni fagmennsku lögreglumanna. Embættið hafði til meðferðar tvö umfangsmikil efnahagsbrot og fleiri þýðingarmikil mál til rannsóknar. Fyrirsjáanlegt var á vormánuðum 2004 að ekki yrði ásættanlegur hraði við rannsóknir minniháttar mála. Var þá leitað eftir hugmyndum lögreglumanna og boðað til fundar um tilhögun rannsókna. Niðurstaðan var sú að málum var í meira mæli varpað til almennra lögreglumanna til rannsóknar og var lagt af stað með hið nýja fyrirkomulag sem tilraunaverkefni til desember 2004. Í ljós kom að kostir og gallar fylgdu hinu nýja fyrirkomulagi. Kostirnir voru þeir að mál voru tekin miklu fyrir til rannsóknar, en dregist gat að ljúka þeim vegna vaktavinnu viðkomandi rannsóknara. Mál þetta var rætt að nýju í desember og voru flestir lögreglumenn á þeirri skoðun að það væri fengur í að rannsaka mál, þrátt fyrir vissa erfiðleika. Ekki tókst þó að ná ásættanlegum málshraða í líkamsárasmálum og er nauðsynlegt að vinna betur að því. Í árslok var settur á stofn 5 manna vinnuhópur til að fjalla um rannsóknir hjá embættinu.

## Rannsókn mála 2002 til 2004

Ár	2002	2003	2004
Öll mál í rannsókn	407	398	241
Mál frá fyrra ári	56	58	45
Mál ársins	162	268	196
Afgreidd mál	177	271	231
Eftir í lok árs	34	84	55



## 6. Útlendingar

Sýslumaðurinn á Ísafirði hefur ýmsum hlutverkum að gegna í tengslum við útlendinga. Má þar m.a. nefna eftirlit með löglegri dvöl og starfi héraðs, eftirlit með erlendum skipakomum, en einnig þjónustu af ýmsu tagi.

### Eftirlit með skipakomum

Erlendar skipakomur til Ísafjarðarhafna voru 102 á árinu 2004, þar af voru 45 sem voru skip með viðkomu í fyrstu eða síðustu höfn og voru tollskoðuð af tollverði embættisins, í samræmi við ákvæði um inn- og útafgreiðslur skipa. Í lok árs 2004 fékk tollvörður aðgang að áhafnalistum erlendra skipa. Verið er að móta nýja framkvæmd hjá embættinu um persónueftirlit um borð í skipum. Það er ljóst að tollvörður mun hafa stóru hlutverki að gegna við skipulagningu eftirlitsins, í nánu samstarfi við lögreglu.

### Eftirlit með atvinnuleyfum

Embætti sýslumannsins á Ísafirði fékk aðgang að Erlendi, skráum Útlendingastofnunar í maí 2004 og hefur það auðveldað starfsemina hvað eftirlit með atvinnuleyfum varðar. Eftirfarandi tafla sýnir heildaríbúafjölda og skráða útlendinga í umdæminu.

Staður	póstnr.	heildaríbúafjöldi	skráðir útlendingar skv. Erlendi
Ísafjörður	400	3.089	124
Flateyri	425	336	117
Suðureyri	430	317	64
Þingeyri	470	418	39
Súðavík	420	193	19
<b>Samtals</b>		<b>4.353</b>	<b>363</b>

Lögregla fór á ýmsa vinnustaði og kannaði hvort atvinnuréttindi væru með eðlilegum hætti. Þar sem pottur reyndist brotinn var það tilkynnt Útlendingastofnun sem setti málið í ákveðinn farveg. Ekki kom til brottvísunar í neinu þessara tilvika. Ath. þetta nánar.

### Eftirlit með erlendum ferðamönnum

Samkvæmt upplýsingum úr könnun Ferðamálaráðs vegna komu ferðamanna til Íslands árið 2004, má ætla að ríflega 66 þúsund erlendra ferðamanna hafi komið til Vestfjarða sumarið 2004.<sup>2</sup>

Eftirlit með erlendum ferðamönnum var einnig þáttur í sameiginlegu umferðareftirliti lögregluliða á Vestfjörðum og í Dölunum sumarið 2004, þá í þeim tilgangi að fyrirbyggja slys á fólki vegna slæmra vega sums staðar á svæðinu.

<sup>2</sup> Sjá upplýsingar úr stjórnunarverkefni um útlendingamálefni, bls. 15

## 7. Hornstrandir

Eftirlit með friðlandinu á Hornströndum var á árinu 2004 fólgið í því, að lögreglumenn gengu eina ferð um svæðið og tók ferðin þrjá daga. Einnig var tekin á leigu flugvél og flogið yfir svæðið, til þess að fylgjast með því að reglur um friðlandið væru virtar. Niðurstaðan af þessu eftirliti var sú, að ekkert brot var upplýst og er óskandi að ástand mála verði áfram á þann veg í þessu viðkvæma lífríki og náttúru.



## XI. Tollur

Embætti sýslumannsins á Ísafirði hefur gert öfluga tollgæslu, fíkniefnaeftirlit í tolli og þjónustu við almenning að markmiðum sínum. Leiðir til að mæta þessum markmiðum er þjálfun tollvarðar, samstarf við lögreglu og nýting fíkniefnahunds til tollgæsluverkefna sem og aukin áhersla á skrifborðsendurskoðun. Eins og sjá má af eftirfarandi töflum var töluvert að gera í tollinum á árinu 2004 og jukust flugafgreiðslur verulega.

### Tollafgreiðslur

<b>Skýringar</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>
Pappírskýrslur	99	90
EDI- og VEF afgreiðslur	182	138
Samtals:	281	228

### Skipaafgreiðslur

<b>Skýringar</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>
Innafgreiðsla skipa	27	26
Útafgreiðsla skipa	26	19
Samtals:	53	45

### Flugafgreiðslur

<b>Skýringar</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>
Innafgreiðslur flugvéla	16	26
Útafgreiðslur flugvéla	12	44
Samtals:	28	70

### SMT / sía

<b>Skýringar</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>
Óskað eftir skjölum	20	25

### Vöruskoðun

<b>Skýringar</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>
Vöruskoðanir	11	14

### Skemmtiferðaskip

<b>Skýringar</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>
Fjöldi skipa	12	16
Vaktstaða um borð /klst	219	267

### Farmskrá

<b>Skýringar</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>
Nýskráningar	9	30
Umskráningar, uppskiptingar og breytingar	36	27



### Skýrslur

Skýringar	2003	2004
Förgun, tjón, vöntun	1	1
Tollalagabrot	1	5
Lögskráningarbrot	4	5
Aðrar skýrslur	0	0
Samtals:	6	11

### Útgefin og endurnýjuð atvinnuskírteini

Skýringar	2003	2004
Útgefin og endurnýjuð skipstjórnarskírteini	37	31
Útgefin og endurnýjuð vélstjórnarskírteini	30	35

### Haldlagt

Skýringar	2003	2004
Áfengi ( <i>sterkt</i> )	0	10 lítr.
Áfengi ( <i>létt</i> )	0	0
Bjór	0	120 lítr.
Annað	Ríffill 1 stk.	0

### Endurskoðun

Skýringar	2003	2004
Fjöldi fyrirtækja	0	10
Fjöldi skýrslna	0	148
Fjöldi athugasemda	0	55
Gjöld til lækkunar / kr	0	-45.262
Gjöld til hækkunar / kr	0	692.416

### Annað

Skýringar	2003	2004
Áfengi og tóbak afgreitt úr tollfrjálsri birgðageymslu	9	8

## XII. Almennatryggingar

Tryggingaumboði sýslumannsins á Ísafirði ber að fylgja stefnu Tryggingastofnunar ríkisins, með sérstakri áherslu á þjónustu í héraði. Í stefnu Tryggingastofnunar ríkisins kemur m.a. fram að hún eigi að vera öflug og traust stofnun, ákvarða og greiða réttar tryggingabætur, veita gagnlegar upplýsingar og ráðgjöf til almennings og annast eftirlit með málefnum sem Tryggingastofnun ríkisins eru falin samkvæmt lögum á faglegan, öruggan og hagkvæman hátt. Fræðsla hefur verið töluverð á vegum TR og hefur þess verið gætt að starfsmenn umboðsins fari á öll námskeið sem í boði eru.

Umfang tryggingaumboðs var með svipuðum hætti og árið 2003, og gekk starfsemin eðlilega fyrir sig. Hér á eftir má sjá tölulegar upplýsingar um starfsemina.

### Afgreiddir reikningar í sjúkratryggingum

Skýringar	2003	2004
Afgreiddir reikningar	2.001	2.187
Afgreidd E-111 vottorð	44	53
Úrskurðaður ferðakostnaður	204	266

### Úrskurðir í lífeyrisdeild

Skýringar	2003	2004
Fjöldi úrskurða	1.437	940
Fæðingarorlofsúmsóknir	55	65

### Greiðsla vegna lífeyristrygginga og flr.

Skýringar	2003	2004
Greiðslur vegna lífeyristrygginga	355.270.110	394.522.654
Félagsleg aðstoð lífeyristrygginga	122.668.809	138.795.765
Slysatryggingar	1.826.424	1.511.200
<b>Samtals</b>	<b>479.765.343</b>	<b>534.859.619</b>

### Greiðslur vegna sjúkratrygginga

Skýringar	2003	2004
Greiddir sjúkradagpeningar	2.831.9911	2.642.112
Tannlæknakostnaður	14.235.473	14.602.908
Ferðakostnaður sjúklinga	9.938.158	11.208.709
Endurgreiðsla vegna afsláttarkorta	109.026	181.859
<b>Samtals</b>	<b>27.114.648</b>	<b>28.635.588</b>

### XIII Rekstur

Markmiðið var að embættið yrði rekið á sem hagkvæmasta hátt og innan þeirra fjárheimilda sem ákveðnar væru hverju sinni. Telja verður að þetta markmið hafi náðst á árinu 2004, eins og eftirfarandi rekstrarreikningur ber með sér, en hann er byggður á bókhaldi embættisins.

#### Rekstrarreikningur fyrir árið 2004

	Sundurl.	Reikningur	Reikningur	Fjárheimildir
		2004	2003	2004
<b>Tekjur</b>				
Sértekjur	2	2.797.982	3.277.313	300.000
Tekjur samtals		2.797.982	3.277.313	300.000
<b>Gjöld</b>				
101 Yfirstjórn	4	61.540.283	60.708.595	64.592.000
120 Löggæsla	4	94.032.560	88.495.873	94.057.000
140 Tollgæsla	4	7.222.489	6.662.920	4.900.000
Gjöld samtals		162.795.332	155.867.388	163.549.000
<b>Tekjur umfram gjöld</b>				
		-159.997.350	-152.590.075	-163.249.000
Framlag ríkissjóðs		163.249.000	154.848.000	163.249.000
<b>Tekjuafgangur/-halli</b>		<b>3.251.000</b>	<b>2.257.925</b>	<b>0</b>

#### Efnahagsreikningur 31. desember 2004

	Sundurliðun	Reikningur	Reikningur
		2004	2003
<b>Eignir</b>			
Inneign hjá ríkissjóði	5	5.824.278	889.342
Skammtímakröfur aðrar	8	3.531.375	14.470.956
Handbært fé	9	1.848.198	1.708.097
Eignir/Veltufjármunir samtals		<b>11.203.851</b>	17.068.395
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
Breyting v. lokafjárlaga		533.689	-1.724.236
Tekjujöfnuður ársins		3.251.650	2.257.925

<b>Eigið fé/Höfuðstóll í árslok</b>		<b>3.785.339</b>	533.689
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Yfirdráttur á bankareikningum	9	14.169	20.307
Aðrar skammtímaskuldir	12	7.404.343	16.513.399
Skuldir/Skammtímaskuldir samtals		<b>7.418.512</b>	16.534.706
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>			
		<b>11.203.851</b>	<b>17.068.395</b>

<b>Í þúsundum króna</b>	<b>2004</b>	<b>2003</b>	<b>Breyting</b>	<b>%</b>
Tekjur	(2.798)	(3.277)	479	17,12
Launagjöld	131.654	127.170	4.484	3,52
Önnur rekstrargjöld	30.197	28.190	2.607	9,24
Eignakaup	344	507	163	47,38
Samtals	159.997	152.590	7.407	4,48
Ríkisframlag	163.249	154.848	8.401	<b>5,42</b>
<b>Tekjuafgangur (-halli) ársins</b>	<b>3.525</b>	<b>2.258</b>		

### Skýringar

Embættið skiptist í þrjú megisvið og greinist kostnaður svo sem fram kemur í eftirfarandi töflu.

#### 1. Kostnaður á svið embættisins

	<b>Í milljónum kr.</b>	<b>%</b>
<b>Yfirstjórn</b>	<b>61,5</b>	<b>37,79</b>
<b>Lögregla</b>	<b>94</b>	<b>57,77</b>
<b>Tollgæsla</b>	<b>7,2</b>	<b>4,42</b>
<b>Samtals:</b>	<b>162,7</b>	<b>100</b>

#### 2. Sértekjur embættisins

Sértekjur embættisins voru vegna skráningar í Landskrá fasteigna, flutninga á vegum, löggæslu á skemmtunum, skotvopnanámskeiða og vöktunar á erlendum skipum.

	<b>2004</b>	<b>2003</b>
<b>Löggæsla</b>	1.183.973	2.024.059

<b>Tollgæsla</b>	1.014.328	740.677
<b>Yfirstjórn</b>	599.681	512.577
<b>Samtals:</b>	<b>2.797.982</b>	<b>3.277.313</b>

## **XIV. Samstarf**

Af hálfu embættisins er lögð áhersla á að auka samstarf við aðra aðila í þeim tilgangi að ná sem bestum árangri á sviðum er lúta að hlutverki þess. Verða hér nefnd nokkur atriði til sögunnar er lútu að samstarfi á árinu 2004. Flugslysaæfingin er gott dæmi um samstarfsverkefni, en henni hafa verið gerð skil hér að framan.

### **1. Þjónusta við innflytjendur**

Samstarfsverkefni um gagnvirka miðlun upplýsinga í fjölmennningarlegu samfélagi. Embætti sýslumannsins á Ísafirði er samstarfsaðili í verkefni er tengist miðlun upplýsinga hjá nokkrum helstu stofnunum bæjarfélagsins í þeim tilgangi að bæta aðgengi útlendinga að stjórnsýslunni. Nokkuð skortir á að að heildstæðar upplýsingar séu aðgengilegar á einum stað, til þess að innflytjendur fái skýra mynd af samfélagsgerðinni, réttindum sínum og skyldum. Einföldustu hlutir geta orðið afar flóknir ef fólk talar ekki sama tungumál. Verkefnið felst í því að allar stofnanir í Ísafjarðarbæ tengist sameiginlega einni heimsíðu, þar sem verkvið hverrar stofnunar, samspil stofnana og málsmeðferð verður gerð aðgengileg með samræmdum upplýsingum og öll helstu eyðublöð og leiðbeiningar með þeim yrði einnig þar að finna. Jafnframt verða á vefnum gagnvirk, stöðluð fyrirspurnarblöð á nokkrum tungumálum. Þá er fyrirhugað að allir samstarfsaðilar geri orðalista og samskiptablöð sem yrðu þróuð í samstafi við innflytjendur og þá aðila sem hafa með höndum bein samskipti við innflytjendur fyrir stofnun sína eða fyrirtæki. Af fyrri reynslu þykir ljóst að orðalistar eru mikilvægt tæki og hvetjandi fyrir fólk til að læra tungumálið. Þá er samskiptablöðunum ætlað að leysa erfiðleika í samskiptum þegar um einfalda hluti er að ræða. Dómsmálaráðherra styrkti verkefni um 500.000 krónur og er það þakkarvert.

### **2. Samstarfsnefnd**

Samstarfsnefnd er virk í umdæminu og var haldinn einn fundur á árinu 2004. Samskipti við bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ og í Súðavíkurbænum eru mikil og góð og mál leyst með öðrum hætti en á vettvangi samstarfsnefndar í samfélagi af þessari stærð. Engu að síður er gott að hafa formlegan vettvang þegar við á.

### **3. Járnsíða**

Mikið hefur skort á að í boði væru námsskeið og námsefni fyrir starfsmenn sýslumannsembætta, aðra en lögreglu og tollverði. Fræðslusetrið Starfsmennt hefur unnið að undirbúningi og útfærslu náms og þjálfunar fyrir starfsmenn frá árinu 2003 og situr sýslumaður einn fjölmargra í undirbúningshópi verkefnisins. Á árinu 2004 var mikill þungi settur í verkefnið og tók skrifstofustjóri embættisins töluverðan þátt í því. Er von á að fyrstu námskeiðin verði gangsett haustið 2005 og verður það mjög til bóta.

### **4. Samráðsfundur sýslumanna á Vestfjörðum og í Dölunum**

Á hverju vori er haldinn árlegur samráðsfundur sýslumanna á Vestfjörðum og Dalasýslu. Að þessu sinni var fundurinn haldinn að Laugum í Sælingsdal, í boði viðkomandi

sýslumanns. Á sama tíma var haldinn árlegur samráðsfundur varðandi fíkniefnamálefni, Aðgerðarsvæði II. Samstarf þetta hefur gengið afar vel og er vilji samstarfsaðila til að auka samstarfið verulega á komandi árum.

## **5. Einkennisbúninganefnd**

Starfshópur sem gera átti tillögur um búnað og tæki fyrir lögreglu til næstu þriggja ára var settur á stofnu hjá lögreglunni á Ísafirði á árinu 2004. Sama ár var sýslumaður valinn til setu í starfshóp ríkislögreglustjórans um endurskoðun á einkennisfatnaði og tækjabúnaði lögreglunnar. Fundahöld voru nokkur á árinu 2004 og tillögur fengnar vítt að úr lögreglunni. Þrátt fyrir að starfshópurinn eigi að gera endanlegar tillögur um framtíðarsýn og breytingar á einkennisfatnaði og tækjabúnaði, verður að telja að um samstarfsverkefni lögreglu sé að ræða, enda sitja í starfshópnum fulltrúar ýmissa löggæsluaðila, svo sem ríkislögreglustjórans, landssambands lögreglumanna, lögreglunnar í Reykjavík og lögregluliðs á landsbyggðinni.

## **6. Starfsdagur slökkviliðs og lögreglu**

Slökkvilið og lögregla á Ísafirði héldu sameiginlega starfsdag á árinu 2004 og tókst hann með afbrigðum vel. Um er að ræða frumkvæði og framkvæmd starfsmanna sjálfra, sem er sérstaklega til þess fallið að þjappa þessum viðbragðsaðilum saman og styrkja þannig samstarfið á milli þeirra.

## Lokaorð

Hér að framan hefur verið leitast við að gera grein fyrir helstu þáttum í starfsemi sýslumannsins á Ísafirði á árinu 2004. Á heildina litið verður að telja að starfsemin hafi gengið vel. Dómsmálaráðherra og starfsmönnum dómsmálaráðuneytis eru færðar sérstakar þakkir fyrir jákvæð viðbrögð og samstarf á árinu.